

Jóni Ólafssyni, stöðustu efturhaldsjálfkunum í bæjarstjórninni.

Framkoma hans í bæjarstjórn gagnvart alþýðu hefir verið á sömu leið. Hann stóð fyrir því ásamt borgarstjóra og Jóni Ólafssyni að útbúa hina frægu atvinnuleysissskýrslu í fyrra, þar sem þessi nefnd og burgeisaliðið taldi þá, sem ekki hefðu verið 10 ár hér í bænum, ekki »bæjarmenn«, og hefði bærinn engar skyldur gagnvart afkomu þeirra, þó að þeir gyldu útsvör eins og aðrir bæjarmenn. Nú biður hann, Guðm. Ásbjörnsson og Jón Ólafsson þessa sömu menn að kjósa sig í bæjarstjórn, þá, sem hann taldi þá óalandi og óferjandi. Þó hafa þeir nú um jólaeytið haldið fram enn sömu skýringu síni á því, hverjir séu »bæjarmenn«.

Þórður hefir í fjárhagsnefnd verið eindreginn andstæðingur allra fjáframlaga til annars en skrifstofuhalds borgarstjóra og slökkviliðsins. Hann var ákafur með því að stórlækka styrk til hjúkrunartélagssins »Líknar«; hann var á móti því að veita lítinn styrk til slysatrygginga fyrir verkamenn; hann vildi afsetja yfirlögregluþjóninn vegna áskorana andbanninga, og þó

þykist hann vera bannmaður og vilja hafa sem fullkonnasta löggæzlu.

Aftur á móti er Þórður svo mikill sparnaðarmaður fyrir burgeisana, að hann greiðir atkvæði með því að gefa sterkríkum mönnum ettir útsvör, svo að skiltir þúsundum króna.

Það er enginn vafi á því, að Þórður hefir unnið til þess í bæjarstjórn undanfarið að verða settur á lista með og á eftir þeim Guðmundi Ásbjörnssyni og Jóni Ólafssyni. Hann ætti því helzt að hætta að flagga með því, að hann sé hlyntur alþýðu. Alþýðan í Reykjavík ætti að leyfa honum nú við kosningarnar að hverfa heim til spítala síns til þess að koma honum í betra lag. Ekki mun veita af því. x

## Hver er Kjaran?

I þrjú sinn hefir Magnús Kjaran, fjórði maður »borgaralistans«, komið fram fyrir almenningssjóni:

1. Í hvíta bardaganum, þegar hann var einhver ákafasti maður-

inn í því, að handtaka rússneska drenginn, og sýnir þetta löghlýðni hans, þegar smælingjar eiga í hlut.

2. Þegar Liverpool-útbúið var stofnað á Laugavegi, þó að kaupmönnum sé bannað að hafa útbú frá aðalverzluninni hér í bænum. Sýnir þetta löghlýðni hans, þegar eiginhagsmunir hans sjálfs eiga í hlut og félagstillfinningu hans gagnvart smákaupmönnum, en þeim til höfuðs er útbú þetta sett.

3. Arið 1918 eða 1919 keyptu Tímamenn Hótel Ísland undir stórt kaupfélag, sem þeir ætluðu að stofna hér í bæ, og réðu Magnús Kjaran fyrir framkvæmdarstjóra. Hann varð þá heitur kaupfélags- og samvinnu-maður. Th. Th. húsbóndi hans »komst að þessu« og bauð honum að verða meðeigandi í Liverpool, ef hann gengi frá kaupfélagsstjórástöðunni Magnús hvarf þegar í stað frá kaupfélaginu óstofnuðu inn í Liverpool og varð upp úr því hinn ákafasti auðvaldssioni. Eiginhagsmunirnir réðu stefnu hans þar sem fyrr.

Magnús Kjaran hefir í öll þessi sinn sýnt sig eilumitt þess konar mann, sem »borgaraflokkurinn« þarf að brúka í bæjarstjórn.

*Verzlunarmaður.*

### Edgar Rice Burroughs: Sonur Tarzans.

Hún var orðin alvanur reiðmaður. Hún vissi um alla þá staði með fram ánni, er villinaut heimsóttu. Hún vissi um allmörg ljónsbæli og öll vatnsból í sveitinni tuttugu og fimm mílur frá ánni. Hún gat rakið slöð allra dýra, þótt enginn annar gæti það; það var stórfurðulegt. En furðulegast af öllu þótti fólkinu, að hún vissi ætíð, hvar rándýr leyndist, þótt enginn gæti séð þess nokkur merki, hvar dýrið leyndist.

Morison Baynes þótti Meriem bæði fögur og skemtileg. Hann varð strax hrifinn af henni. Ef til vill aðallega vegna þess, að hann hafði ekki búið við að hitta slíkan félagu á Afríku-jörð kunningja síns. Þau voru talsvert saman, þar sem þau voru einu ógiftu, hvítu manneskjurnar á bænum. Meriem, sem var alveg óvön slíkum félagskap, var töfrud af Baynes. Hún var bæði hissa og glöð, er hann sagði henni frá stóru borgunum. Og ekki veitti hún því sérstaka athygli, að ætíð var hann aðalmaðurinn í öllum sögunum; — henni fanst það sjálfsagt, að hvar sem Baynes væri, þar væri hann hetjan.

Samveran með þessum unga Englendingi skyggði mjög á endurminninguna um Kórak.

Meriem hafði aldrei verið með Baynes á veiðum. Henni hafði aldrei þótt gaman að því að drepa. Að rekja spor var hennar líf og yndi, en að drepa bara að gamni sinu skildi hún ekki, — því að enn þá var hún hálfvilt. Þegar Bwana hafði farið að veiða í matinn, var hún oftast með honum, en þegar gestirnir komu, var tekið að drepa dýr að óþörfu, fanst henni. Meriem var því eftir heima hjá „My Dear“ eða reið uppáhaldsbryssu, er hún átti, um sléttuna eða ofan að ánni.

Stundum batt hún hestinn og sveiflaði sér upp í trén og lék sér í þeim eins og forðum daga.

Þá datt henni Kórak oft í hug, og hún lagðist á grein og lét sig dreyma, þegar hún var orðin þreytt. Og Kórak hvart úr huga hennar, og í stað háfnakins Tarmangana kom í huga hennar strígaklæddur Englendingur á veiðiferð.

Meðan hana dreymdi, barst henni alt í einu úr fjarska dauft hræðslujarm lambs. Meriem hlustaði. Ekki hefðum við getað greint jarmið úr svo mikilli fjarlægð eða ráðið í, hvað það þýddi, en Meriem skildi strax, að hér var dýr í lífshættu og undankoma ómöguleg undan rándýri.

Kórak hafði skemt sér drjúgum við það að ræna bráð Numa, hvænær sem færi gafst, og Meriem hafði oft tekið þátt í þeirri skemtun. Við jarm lambsins komu endurminningarnar. Jafnskjött kom löngunin til þess að tefla lífinu á tvær hættur.

Hún fór í snatri úr reiðpilsinu; — það var ekki þægilegt í trjágöngu. Skór og sokkar fóru sömu leið, því að ber fótur rennur ekki á blautri grein eins og harðir skósólar. Hún hefði líka viljað fara úr stuttbuxunum, en möðurlegar fortölur „My Dear“ höfðu sannfært Meriem um, að ekki væri viðeigandi að ganga nakinn í heimi hér.

Við lendar henni hékk veiðihnifur. Byssa hennar var í skeiðum við hnakknefið. Hún var ekki með skambbyssuna sína.

Lambið jarmaði. Meriem skundaði á jarmið, sem hún heyrði að var við vatnsból, er eitt sinn hafði verið frægt fyrir það, að ljón sóttu það mjög. Upp á síð-